



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2014

1412011SA GB
Málalykill: 401

**Efni: Umsögn um frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám
lágmarksútsvars), 29. mál - leiðrétt**

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 17. nóvember 2014.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, að orðin „og eigi lægra en 12,44%“ í 1. mgr. 23. gr. laganna falli brott.

Efnislega felur frumvarpið það í sér að ekki verði lengur um lágmark að ræða á álagningarhlutfalli útsvars hjá sveitarfélögum í landinu. Það er grundvallarbreyting á þeim lagaramma sem gildir um álagningu útsvars hjá sveitarfélögum. Að áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram í fyrrgreindu frumvarpi tillaga að stefnubreytingu sem þarfnast miklu efnismeiri og viðtækari umræðu en kemur fram í greinargerð með frumvarpinu.

Rétt þykir að taka fram að lög um tekjustofna sveitarfélaga eru talin uppfylla þau viðmið sem fram koma í 9. gr. Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga, þ.e. að „a.m.k. hluti af tekjum sveitarstjórna skal eiga rætur sínar að rekja til staðbundinna skatta og þjónustugjalda og hafa sveitarstjórnir vald til að ákveða upphæð þeirra eftir því sem kveðið er á um í lögum.“

Málið snýst því ekki um að bæta úr stjórnskipunarlegum annmörkum á sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga, heldur miklu frekar um það hvort ákveðinn hópur launafólks á Íslandi skuli hafa möguleika á að sleppa að miklu eða öllu leyti við að greiða útsvar af launatekjum sínum þegar það tekur ákvörðun um að velja sér búsetu.

Þegar staða þessarar umræðu er skoðuð hjá öðrum norrænum ríkjum kemur í ljós að í viðkomandi lögum hvers lands um tekjustofna sveitarfélaga er alls staðar kveðið á um að lágmarksútsvar (sá hluti tekjuskatts einstaklinga sem rennur til sveitarfélaganna) sé lögbundið. Í Noregi er reyndar einungis eitt útsvarshlutfall en í öðrum norrænum ríkjum er alls staðar kveðið á um lágmark. Hins vegar skal bent á að í Danmörku er ekki kveðið á um hámarksálagningarhlutfall útsvars, öfugt við löggjöfina hér á landi.

Rökin fyrir þessari samræmdu pólitísku afstöðu afstöðu okkar norrænu nágranna, sem íslensk löggjöf hefur einnig fylgt fram til þessa, eru þau að allir launþegar skuli greiða ákveðinn hluta af launum sínum til samfélagslegra verkefna eftir gildandi reglum þar um. Skiptir þá ekki máli hvernig fjárhagsleg



staða sveitarfélagsins er að öðru leyti. Í nokkrum hinna Norðurlandanna hefur sú leið verið valin að ef tekjur sveitarfélags á hvern einstakling eru umfram ákveðið hlutfall yfir landsmeðaltali, þá greiðir viðkomandi sveitarfélag ákveðinn hluta þeirra tekna sem eru yfir þessum mörkum inn í sameiginlega sjóði. Þannig er reynt að stuðla að sem mestu jafnræði hvað varðar skatttekjur sveitarfélaga á hvern íbúa.

Tekjustofnar íslenskra sveitarfélaga eru útsvar, fasteignaskattur, greiðslur úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þjónustutekjur. Hlutfallsleg skipting þessara tekjustofna innbyrðis getur verið mjög mismunandi milli einstakra sveitarfélaga. Þar hefur áhrif bæði íbúafjöldi sveitarfélags svo og styrkur einstakra skattstofna.

Í þessu sambandi geta staðbundnar aðstæður ráðið miklu um styrk skattstofna. Þar skiptir mestu máli hvert greiðslur af fasteignaskatti vegna virkjanaf framkvæmda renna. Einnig geta staðbundnar aðstæður haft þau áhrif að greiðslur fasteignaskatts af sumarhúsum vegi þungt hjá fámennum sveitarfélögum.

Þar sem fámenn sveitarfélög hafa miklar tekjur af álagningu fasteignaskatts gætu þær aðstæður skapast að þau gætu lækkað álagningarhlutfall útsvars verulega eða jafnvel niður í 0% ef lágmarksútsvar yrði afnumið með öllu. Það myndi skapa möguleika á innlendum skattaparadísnum og tilheyrandi „gervibúsetu“ með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Íbúar þessara sveitarfélaga myndu því sleppa að miklu eða öllu leyti við að greiða útsvar af launatekjum sínum óháð upphæð launa.

Slíkt ójafnræði meðal sveitarfélaga myndi tvímælalaust hafa mikil áhrif á samvinnu sveitarfélaga að ýmsum héraðsbundnum hagsmunamálum. Þar til viðbótar myndi afnám lágmarksútsvars að öllum líkindum draga úr áhuga viðkomandi sveitarfélaga til sameiningar við nágrannasveitarfélög.

Þessa umræðu verður einnig að skoða í ljósi þess að allur fasteignaskattur sem greiddur er af virkjanamannvirkjum rennur til þess sveitarfélags þar sem virkjanahúsið stendur. Það renna engar tekjur af vatnsaflsvirkjunum til þess sveitarfélags þar sem auðlindin (áin) er staðsett né þar sem önnur virkjanatengd mannvirki eru staðsett s.s. stíflur, lón, vatnsvegir eða jarðgöng, ef sjálft stöðvarhúsið er staðsett í öðru sveitarfélagi. Því mun afnám lágmarksútsvars enn auka á ójöfnuð vegna núverandi fyrirkomulags og er það þó ærið fyrir. Má í því sambandi minna á allt að 100 ára gamalt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga í Noregi um skiptingu skatttekna af vatnsaflsvirkjunum.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur því óhjákvæmilegt að ef frumvarp um afnám lágmarksútsvars verður samþykkt á Alþingi verði í kjölfarið tekin upp umræða milli sambandsins og viðkomandi ráðuneyta um ráðstöfun fasteignaskatts af stöðvarhúsum vatnsaflsvirkjana. Sömuleiðis þarf að ræða hvaða áhrif slík breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga myndi hafa á greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Á árinu 2014 eru það tvö sveitarfélög á landinu sem leggja á lágmarksútsvar, Skorradalshreppur (58 íbúar) og Grímsnes og Grafningshreppi (422 íbúar).




Samtals eru 480 íbúar í þessum sveitarfélögum. Í 14 öðrum sveitarfélögum er ekki lagt á hámarksútsvar en í 58 sveitarfélögum er lagt á hámarksútsvar sem er 14.52%.

Sambandinu hafa borist allnokkrar umsagnir frá sveitarfélögum, sem öll leggjast gegn samþykkt frumvarpsins.

Miðað við núverandi forsendur er því engin þörf fyrir afnám lögbundins lágmarksútsvars og leggst sambandið eindregið gegn þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs